

Nd. **699. Frumvarp til laga** [202. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til smábúðabygginga.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 20 milljónum króna innanlands og endurlána fé þetta lánadeild smábúðarhúsa með sömu kjörum og lánið er tekið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í stjórnarmyndunarsamningnum er ákveðið, að ríkisstjórn og stjórnarflokkarnir beiti sér fyrir ráðstöfunum til þess að auka lánsfjárframlög til íbúðarhúsa-bygginga.

Hér er um mjög stórt og yfirgripsmikið mál að ræða, og mun ríkisstjórnin kappkosta að undirbúa fyrir næsta þing frumvarp um lausn þess, er til fram-búðar mætti verða.

Til bráðabirgða vill ríkisstjórnin gera þá ráðstöfun að afla á þessu ári 20 milljón króna lánsfjár til þess að lána út á smábúðir. Er ríkisstjórnin að vinna að því að útvega þetta lánsfé og telur öruggt, að það takist.